

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Giljalönd 1-3, Leynir, Laugardal.

Breytingin felur í sér að í stað 5 stk. 150 m² byggingarreita á lóð, verði einn byggingarreitir og innan hans megi reisa 5 stk. 30 m² smáhýsi og 1 stk. þjónustuhús allt að 72 m² að stærð. Samþykkt í sveitarstjórn 20. júní 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. janúar 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2020